

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingishúsið við Austurvöl
101 Reykjavík
Nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 26. október 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.

Hinn 6. október 2023 lagði Innviðarráðherra fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 til 2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028. Drög samgönguáætlunar hafa áður verið birt sem drög að bæði grænbók og hvítbók sem voru kynnt á sínum tíma á samráðsgátt stjórnvalda sem og að haldnir hafa verið opnir fundir í hverjum landshluta í undirbúningi. Þá voru í sumar birt fyrrgreind drög að þessari Samgönguáætlun á samráðsgátt. Samtök ferðapjónustunnar – SAF sendu inn umsögn um áætlunina á sínum tíma. SAF vilja byrja á því að fagna þessu samráði enda um stórt og mikilvægt mál að ræða. Þá er mikilvægt fyrir stjórnvöld að átta sig á hvað þjóðfélagið vill leggja áherslur á í komandi samgönguáætlun.

Ráðherra er nú að leggja samgönguáætlun fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu í samræmi við ákvæði laga nr. 33/2008, um samgönguáætlun, en markmið þeirra er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum. Samgönguáætlun er lögð fram með hliðsjón af nýrri fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028. „Eitt meginverkefni gildandi fjármálaáætlunar er að draga úr þenslu í þjóðfélaginu og þar með halda aftur af ríkisútgjöldum. Fjármálaáætlun er endurnýjuð árlega. Aukist svigrúm mun það hafa jákvæð áhrif á ramma samgönguáætlunar og forgangsroðun framkvæmda og/eða þjónustustig vetrarþjónustu, almennrar þjónustu og almenningssamgangna.“

Fyrirliggjandi samgönguáætlunin hefur verið yfirfarin á vettvangi Samtaka ferðapjónustunnar – SAF og vilja samtökin koma nokkrum ábendingum á framfæri.

Mikilvægi vegakerfisins

Hagsmunir íslenskrar ferðapjónustu skarast óhjákvæmilega við alla flokka samgangna og þá ekki síst í ljósi markmiða sem SAF og stjórnvöld hafa unnið að þess efnis að tryggja beri æskilega umferð ferðamanna um landið og stuðla þannig að hagkvæmri nýtingu innviða og framleiðsluþátta. Þá er einnig mikilvægt að líta til markmiða um að jafna árstíðasveiflu og mikilvægi ferðapjónustu í atvinnuuppbyggingu um allt land, við þarfagreiningu í samgöngum.

Samgöngur stuðla að góðum búsetugæðum um land allt og jafnar aðstöðumun fólks eftir kyni, búsetu og félagslegum aðstæðum. Til þess að búseta sé góð og um allt land þarf að vera hægt að koma fólki og afurðum á milli staða með öruggum hætti. Þá er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að halda úti öflugum og áreiðanlegum innviðum ef markmiðið er að halda úti almennilegri byggð og samkeppnishæfu atvinnulífi um allt land. Líkt og kemur fram í greinargerð samgönguáætlunar þá eru lífsgæði og velmegun í öllum landshlutum mjög háð góðum samgöngum. Svo hægt sé að fá ferðamenn til að fara um allt land og þar með að dreifa álagi á ferðamannastöðum þarf markmiðið um öfluga innviði og góða vetrarþjónustu að vera uppfyllt. Það er forsenda þess að ferðamenn sækji landið heim og fari í hvern landshluta yfir allt árið.

Öryggi í samgöngum

Samtökin fagna áherslum í öryggismálum sem lagðar eru fram í samgönguáætlun og lúta að öllum samgöngum á lofti, láði og legi. Samtökin benda á mikilvægi þess að stjórnvöld hugi að hagkvæmni bæði í tíma og rúmi þegar kemur að öryggi, án þess að gefa afslátt af öryggismarkmiðum.

Lykillinn í öryggismálum eru traustir innviðir. Samtök iðnaðarins gáfu út skýrslu með Félagi ráðgjafarverkræðinga (FRV) *Innviðir á Íslandi – ástand og framtíðarhorfur* árið 2021. ¹ Í þeirri skýrslu kemur fram að ástandið er víða óviðunandi og uppsöfnuð fjárfestingarþörf talsverð. Ástand þeirra innviða er hins vegar mismunandi og fær vegakerfið meðal annars ástandseinkunnina 2. Keflavíkurflugvöllur fær einkunnina 4, aðrir flugvellir og landingarstaðir fá 2,5 og hafnir 3. Til þess að Íslandi nái þeirri framtíðarsýn sem stjórnvöld boða í greinargerð sinni í samgönguáætlun um að vera í fremstu röð með trausta og örugga innviði þá er alveg ljóst að það þarf að gefa mikið í.

Samtökin vilja einnig benda á að merkingar á vegum, bæði með því að mála heilar línur á vegakanta þar sem við á og setja upp viðeigandi skilti til að stýra umferða eða stjórna hraða, er ódýr leið til að þess að bæta öryggi á vegum. Erlendir ferðamenn hér á landi fylgjast vel með vegamerkingum og þá sérstaklega hvort lína í vegakanti sé heil eða brotin. Ef lína er heil þá dregur það verulega úr því að ferðamenn stoppi í vegakanti til þess að taka myndir. Ef lína er hins vegar brotin þá telur erlendur ferðamaður sér heimilt að stöðva bílinn og taka myndir. Því er mikilvægt að Vegagerðin máli heilar línur á öllum hringveginum og einnig á Snæfellsnesinu.

Umferð á vegum

Aukinn fjöldi ökutækja eykur óhjákvæmilega álag á vegi landsins. Þá hafa heimildir til aukinna þungaflutninga mikil neikvæð áhrif á samgöngumannvirki. Uppsöfnuð viðhaldsþörf er því mjög mikil og fyrirséð að hún muni aukast þrátt fyrir að miklum fjármunum sé varið í framkvæmdir og viðhald. Mikilvægt er að greina hvað veldur sliti á vegum og bregðast við með skynsömum hætti þar til varanleg lausn sem ber umferðina og veldur minna tjóni er komin í notkun. Þá er einnig afar mikilvægt að Vegagerðin vinni með hagaðilum að samræmdum upplýsingum á helstu tungumálum sem hægt er nálgast með einföldum hætti en þar leggja samtökin áherslu á upplýsingagjöf í gegnum Safe Travel.

Siglingar

Samtökin hafa gagnrýnt samgönguyfirvöld vegna íþyngjandi krafna á útgerðir farþegaskipa í stuttum útsýnis og skoðunarferðum. Oft er umrædd starfsemi lögð að jöfnu við áætlunarferðir í erfiðum skilyrðum þrátt fyrir mjög mikinn mun á eðli ferða. Samtal við stjórnvöld hefur batnað en betur má ef duga skal. Samtökin óska eftir að Samgöngustofu verði falið formlegt hlutverk að stuðla að nýsköpun við að tryggja betra umhverfi farþegaskipa í stuttum ferðum til björgunar úr sjó og bæta þannig öryggi og þægindi farþega.

Flugsamgöngur:

Þegar hlutverk og rekstrarform flugvalla er greint þarf að gera það út frá þörfum notenda. Innanlandsflug og alþjóðaflug er forsenda byggðar og byggðapróunar á Íslandi. Gott aðgengi að leiðarkerfi flugs ætti skapa góðar forsendur fyrir lífsgæðum hér á landi. Það næst aðeins með öflugum innanlandsflugi auk alþjóðaflugs með aðgengi að fleiri gáttum og flugvöllum sem bjóða íbúum og ferðamönnum upp á tækifæri að fara víðar.

Innanlandsflug sem almenningssamgöngukerfi þarf að tengja landshluta í gegnum helstu flugvelli og koma farþegum og vörum á milli þéttbýliskjarna á skömmum tíma. Þjónusta á lykil flugvöllum innanlands þarf að vera byggð upp með það að markmiði að stoðþjónusta eins og bílaleigur og hópbifreiðar hafi tækifæri til þess að þjóna flugfarþegum við að komast til og frá flugvöllum með skjótum og einföldum hætti. Þá er afar mikilvægt að sátt ríki um gjaldtöku fyrir þá þjónustu og aðstöðu sem rekstraraðilar flugvalla bjóða út eða bjóða uppá.

Samtökin ítreka þá kröfu að nýsamþykkt "Varaflugvallagjald" fari óskert til uppbyggingar og þjónustu á skilgreindum flugvöllum til þess að mögulegt verði að byggja upp þá flugvelli með fullnægjandi hætti sem varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll.

Viðhaldspörf innanlandsflugvalla er gríðarlega mikil. ISAVIA innanlands hefur metið viðhaldspörfina um 20 ma. kr. Eftir efnahagshrunið lögðu stjórnvöld mjög litlar fjárhæðir í viðhaldspörf á innanlandsflugið og því er þessi vanræksla stjórnvalda á þessu sviði að hafa áhrif á alla helstu flugvelli landsins. Samtökin hvetja því stjórnvöld til að setja aukið fjármagn í viðhald á þessum mikilvægu innviðum. Innanlandsflugið er mikilvæg leið til að dreifa ferðamönnum um landið og þá má ekki gleyma því að þetta eru þeir innviðir sem eru nauðsynlegir fyrir öryggi allra landsmanna í ljósi staðsetningar á læknisþjónustu fyrir landsmenn.

Innviðir ferðaþjónustunnar

Samgöngukerfi landsins er einn af mikilvægustu innviðum ferðaþjónustu hér á landi. SAF taka undir bjartsýna framtíðarsýn stjórnvalda þegar kemur að vegakerfinu. Þar sem Ísland á að vera í fremstu röð á heimsvísu með trausta og örugga innviði. Hún er meðal annars sett fram til að mæta þörfum almennings og atvinnulífs um land allt. SAF taka undir áherslur um uppsafnaða fjárfestingaþörf í vegakerfinu hvað varðar meðal annars viðhald og vetrarþjónustu. Mikilvægt er að bregðast við þeirri skuld með skynsamlegum aðgerðum. Aftur á móti, þegar kemur að þjónustu, og þá sérstaklega snjómokstri Vegagerðarinnar er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi í huga að þjónustan hefur mikil áhrif á vaxta- og þróunarmöguleika ferðaþjónustunnar á

ákveðnum svæðum og landshlutum. Í samgönguáætlun er talað um mikilvægi vetrarþjónustu en ferðaþjónusta yfir vetrartímann er að miklu leyti háð færð á vegum. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar er því lykilatríði til að stuðla að áherslum stjórnvalda til að draga úr árstíðarsveiflu ferðaþjónustu hérlendis og heimsóknum ferðamanna um land allt, allt árið um kring. Ljóst er að ferðaþjónustan þarf ítrekað að stóla á snjómokstur til þess að geta starfrækt sína starfsemi á ákveðnum svæðum. SAF hafa gagnrýnt Vegagerðina fyrir að setja ekki þarfir íslenskrar ferðaþjónustu í forgang og því þarf að breyta. Eðlilegt væri ef forgangsroðun verkefna stofnunarinnar myndu byggja í auknum mæli á grunni þjóðhagslegs mikilvægis.

Þjónusta við samgöngur er bein tengd við upplýsingagjöf um ástand vega og þjónustu við þá. Þær stofnanir sem sinna þessari þjónustu verða að endurskoða hlutverk sitt að einhverju leyti. Þær stofnanir sem sinna opinberri þjónustu samgöngukerfisins, þ.m.t. fyrirtækjum og einstaklingum sem nota innviðina, eru fyrst og fremst þjónustustofnanir með eftirlitshlutverk. Þjónusta og upplýsingagjöf á að vera í forgrunni í þeirra starfsemi.

Orkuskipti

Ferðaþjónustan fagnar áherslum samgönguáætlunar varðandi aðgengismál í orkuskiptum. Ferðaþjónustan vill rýmka hugsunina að orkuskiptum. Það getur verið mikilvægt að styðja við orkuskipti með því að gera vinsæla ferðamannavegi tilbúna til að taka á móti vistvænum ökutækjum sem hafa að geyma rafhlöðu í undirvagni og þola þannig illa malarvegi. Í dag er t.d. Kjalvegur vinsæll ferðamannavegur sem er illa undirbúin til að taka á móti ferðamönnum á vistvænum ökutækjum. Hann er hins vegar á samgönguáætlun á árunum 2029-2033. Það væri gott fyrir undirbúning ferðaþjónustunnar til orkuskipta ef þeirri framkvæmd yrði flýtt. Lagning bundins slitlags á malarvegum er mikilvægur hluti orkuskipta.

Gjaldtaka

Þegar kemur að almennri gjaldtöku á umferð til að fjármagna vegaf framkvæmdir þá verða stjórnvöld að stíga varlega til jarðar. Almenn er það afstaða SAF að horfa verði til þess sjónarmiðs að þeir greiði sem njóti. Þannig að þau gjöld sem tekin eru af ferðamönnum skuli nýtast til uppbyggingar og umbóta á þeim innviðum sem um ræðir.

Óhætt er að halda því fram að öflun skatttekna í formi eldsneytisgjalda og annarrar skattlagningar sem tekur beint eða óbeint mið af eldsneytisnotkun ökutækja sé á fallandi fæti og hefur ríkið boðað svokallað kílómetragjald sem mun til að byrja með eingöngu leggjast á hreinorkubíla. Helstu vandamál hvað varðar það gjald er hvernig það muni innheimtast. Það þarf sérstaklega að skoða leiðir hvernig innheimta skuli þetta gjald af bílaleigubílum. Óvissan með það gjald hefur áhrif á stöðu bílaleiga og það þarf að eyða þeirri óvissu sem fyrst. SAF hafa bent á að það væri skynsamlegt að bílaleigurnar verði settar út fyrir sviga fyrst um sinn á meðan unnið verði að lausn. Það sé mikilvægt að þær fái undanþágu frá innheimtu boðaðs gjalds í eitt ár.

Þegar nýtt fyrirkomulag fjármögnunar samgönguframkvæmda hefur svo verið spyrð saman við nýframkvæmdir getur neikvæðnin komið fram í nokkurskonar andstöðu við framkvæmdir. Að mati SAF er það pólitískt verkefni að bregðast við þessari stöðu með viðunandi hætti en það er ljóst að takast verður á við þessa stöðu af einurð. SAF leggja áherslu á mikilvægi þess að ákvarðanir um nýtt fyrirkomulag fjármögnunar samgönguframkvæmda verði sanngjörn og stuðli ekki að auknum íþyngjandi álögum á fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Innheimta veggjalda

Að framangreindu sögðu er afstaða SAF gagnvart innheimtu veggjalda skýr: Ábyrgð á greiðslu gjaldanna verður að hvíla á ökumanni sjálfum og í tilviki ferðaþjónustufyrirtækja kemur einvörðungu til greina að þau taki ábyrgðina á sig á grundvelli samnings sem m.a. tryggir að áhætta af vangreiðslu gjalda verði óbætt ekki borin af fyrirtækjunum.

Til viðbótar telja SAF sérstakt tilefni til að stjórnvöld beiti sér fyrir því að álagningar- og innheimtukerfi veggjalda verði samræmd og geti átt snurðulaus samskipti við bókhalds- og reikningakerfi ferðaþjónustufyrirtækja. Einungis með slíku móti verður skilvirkni álagningar og innheimtu tryggð.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri